

Aðalstjórnarfundur UMFT

14. nóvember 2016

Fundur aðalstjórnar Tindastóls, 14.11.2016 kl. 20:00, á Víðigrund.

Mætt voru: Magnús, Helgi, Þórunn og Laufey sem ritaði fundargerð. Kolbrún var fjarverandi.

* Formannafundur. Ákveðið að halda formannafund þriðjudaginn 29. nóvember kl. 19:00 á Kaffi Krók/Ólafshúsi. Helgi kannar með húsið og pantar súpu.

* Íþróttamaður ársins. Ákveðið að kanna hvort hægt sé að halda íþróttamann ársins hjá Tindastól fimmtudaginn 22. desember kl. 20:00 í Húsi Fritímans. Tóta kannar hvort húsið sé laust. Helgi kannar með aðkomu Sveitarfélagsins hjá Sveitarstjóra.

* Heimasíða. Heimasíðan er við það að verða klár. Ákveðið að boða deildirnar og þeirra heimasíðu-tengiliði á fund fimmtudaginn 17. nóvember kl. 21:00 í fundarsal Byggðastofnunar. Ath. með körfuna (útileikur þennan dag).

* Skíðadeild. Rædd beiðni um samþykki fyrir kaupum á nýrri lyftu. Ákveðið að kalla stjórn skíðadeildar á fund aðalstjórnar, að öllum líkindum 01. desember, til að ræða beiðnina. Ákveðið að kalla eftir nákvæmari fjármögnunaráætlun með staðfestingum á þeirri fjármögnun sem tryggð er og nákvæmri framkvæmdaáætlun.

* Rútumál. Farið yfir kostina í stöðunni. Ákveðið að kynna þessa kosti á formannafundinum. Helgi ráðfærir sig við Gísla hjá Suðurleiðum. Bera þarf kostina einnig undir ökumenn deildanna.

* Búningamál. Skerpa þarf línurnar með liti félagsins, notkun á merkinu osfrv. Laufey og Kolbrún í búninganefnd, leita tilboða hjá fyrirtækjum. Ákveðið að ræða á formannafundi.

* Karfan. Ákveðið að reyna að fá stjórn körfunnar til fundar við aðalstjórn mánudaginn 28. nóvember kl. 20:00. Kalla þarf eftir rekstraráætlun fyrir veturinn og fara yfir fjárhagsstöðu deildarinnar.

* Drög að dagskrá fyrir formannafund:

- Framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll - Þorvaldur og Indriði frá Sveitarfélaginu
- Starf vetrarins
- Heimasíðan
- Rekstraráætlanir deildanna
- Rútumál
- Búningamál
- Íþróttamaður ársins

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 21:10.